

Apríl 1964.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Tímarit um stjörnusambandsmál.



Útgefandi : Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson
Úlfssstöðum, Borgarfirði

M y n d á f o r s í ð u :

Fjarlæg vetrarbraut í Meyjarmerkinu, N.G.C. 4594.

Fjarlægð um 30 miljónir ljósára.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Útgefandi : Félag Nýalssinna
Posthlóf 1159

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson,
Úlfssstöðum, Borgarfirði

EFNI BLAÐSINS

Eins og að undanförnu þykir mér rétt að gera í upphafi nokkra grein fyrir efni blaðsins eða víkja að því á einn eða annan hátt, og vil ég þá fyrst taka undir þá áskorun Ingvars Agnarssonar til félagsmanna í Nýárshugleiðingu hans, að þeir spari féluginu innheimtu á ársgjöldum með því að greiða þau skilvíslega og ótilkvaddir. Tel ég víst, að skortur á skilvísí í þeim efnnum muni meir stafa af gleymsku en hinu, að félagsmenn láti sig muna um þessa fjárrupphæð, kr. 100.-, því að ekki kemur mér til hugar, að nokkur Nýalssinni sé þannig skapifarinn, að hann vilji láta félagið gjalda þess, að það er lítilsmegnuð og hefir víst hvorki getu né vilja til þess að neyta lagavalds. Skal geta þess, að þótt ekki taki ég gjald fyrir að sjá um félagsblaðið, að fjölritun þess kostar nokkurt fé, en án blaðsins mundu tengsl milli félagsmanna verða minni.

Eitthvað hefi ég farið þess á leit við félagsmenn, að þeir sendu blaðinu greinar og frásögur, ekki einungis um drauma eins og ýmsir hafa gert, heldur einnig af öðrum fyrirbærum, eins og t.d. reimleikum ýmiskonar eða þá kynnum af miðilssamböndum. Hér koma nú nokkrar frásögur og hugleiðingar þessa efnis eftir Guðmund Þorsteinsson á Klafastöðum, og skal þegar taka það fram, að mér þykir fengur að þeim. Ekki sízt þykir mér eftirtektarverð frásögn Guðmundar af hugskeytinu, sem hann fékk frá Sigurjóni prófasti í Saurbæ, hversu það snerti G. líkamlega á ákveðnum stað, og hversu hann gat gert sér grein fyrir hvaðan það kom, úr hvaða átt og fjarlægð. Minnir þetta á það, sem ég sjálfur hefi reynt eða tekið eftir, að fólk getur stundum fundið, ef á það er horft, og er sennilegt, þó að ekki hafi ég grennslast eftir því, að það finni þá, hvar á það er horft. – Sagan um mórauða strákur þykir mér minna á reimleikasögu, sem átti sér stað austur í Flóa og ég heyrði eða las nýlega. Var þar einnig um mórauðan strák

að ræða, sem dró mótt úr áhorfanda sínum um leið og hann birtist, og þykir mér ástæða til að ætla, að þegar slíkt á sér stað, sé um einhverja líkamningsmyndun að ræða, og þarf þó ekki að vera, að slíkt verði fyrir sjálfaráða viðleitnidraugsins eða hins látna. Þykir mér líklegast, að slík fyrirbæri leiðist af minningatengslum framliðins manns við ákveðið umhverfi, og að þau tengsl rifjist upp eða vakni fyrir samband við einhvern staddan einmitt þar, og hefi ég á öðrum stað, rætt um þetta fyrir alllöngu. – Dæmið um köttinn, kúna og þá einnig manninn í bílnum þykir mér hinsvegar eðlilegast að skýra sem nokkurskonar draum eða sambandssýn, eins og ég hefi kallað það, og skal því til skýringar segja frá alveg gullvægri athugun, sem Kristleifur á Húsafelli gerði og sagði mér frá fyrir stuttu, Var hann í bíl á leið til Reykjavíkur og sat á milli bílstjórans og annars til. Þóttist hann þá, mig minnir það væri nálægt Hvalfirði, sjá jarpan hest tölta á undan bílnum, og veit ég nú ekki, nema svo hafi raunverulega verið í fyrstu. En bráðlega dró saman með hesti og bíl. Og er bíllinn var kominn fast að hestinum, hrópaði Kristleifur til bílstjórans um leið og hann ýtti við honum og spurði, hvort hann ætlaði að aka á hestinn en varð þess þá var, að hann hafði sofnað og var með höfuð niður í bringu. Hlógu félagar hans að þessu, því að engan hest var þarna raunverulega að sjá. En dæmið sýnir mjög ljóslega, hversu draumsýn getur eins og runnið saman við umhverfi sofandans og orðið honum að svipsýn eða draug.

Næst frásögum Guðmundar læt ég koma two drauma eftir Ingvar Agnarsson, sem báðir eru eftirtektarverðir og til stuðnings kenningunni um heimsamband lífsins og skynjunarinnar, og hugsaði ég hina sömu athugasemd og I., er ég var að lesa síðardreymda drauminn.

Næst draumum Ingvars ætlast ég til að komi tveir kaflar ósjálfrátt skrifaðir, og gæti ég fallist á, að þar hefð: stundum betur tekist áður. Ber auðvitað að treysta því með nokkurri varfærni, sem svona er tilkomíð, því að eins og við er að búast, er margt, sem getur truflað þar svo sem óheppileg stilliáhrif og fleira.

Um hinn bláa hnött Gunnars S. Sigurjónssonar virðist mér eðlilegast að ætla, að þar hafi verið sambandssýn og þá sennilega tilorðin fyrir stilliáhrif frá hinum bláeyga afgreiðslumann. Hvað varðar tunglskotin, sem Lára varar við, þá get ég vel fallist á, að þar sé ekki sú sambandsviðleitni, sem æskilegust má kallast. Hinsvegar skil ég ekki vel, að nokkur meginmunur þurfi að vera á því að senda héðan hluti til túnglsins og hinu, sem daglega á sér stað, að loftsteinar falli þangað eins og til jarðarinnar. Og mættu þessi tunglskot verða til aukinnar þekkingar á tunglinu og örðrum stjörnum, þá ættu Nýalssinnar sízt að amast við slíku.

Næst læt ég svo koma grein eftir sjálfan mig, sem varð til um leið og ég var að undirbúa blaðið, og er óparft að gera grein fyrir henni að öðru leyti en því, að frásögupættir G. P. minntu mig á hvort tveggja.

Að lokum birti ég svo eins og að undanförnu nokkrar áður prentaðar greinar eftir okkur Þorstein Guðjónsson, og verður það undir rymi blaðsins komið, hverjar og hve margar þær verða.

EKKI furðar mig á þó að á stöku stað falli úr orð eða ritist rangt hjá fjölritara, og skal hér leiðréttu hið helzta, sem þannig hefir farið á verri veg í síðasta hefti. Á bls. 5, 9.1. að ofan, hefir fallið úr, og á þar að vera svo: að ekki einungis eru stilltir saman vinnendur hvers hóps fyrir sig. Á bls. 12, nálægt niðurlagi ritgerðarinnar Víkingaferðir og víkingakyn, hefir brenglast og fallið úr, og á þar samkvæmt hinni prentuðu fyrirmynnd að vera á þessa leið: Útsóknin er hætt, það er farið að draga úr hinni miklu framsókn hins norræna kyns á 9. og 10. öld. Smámsaman þrengist það svæði, sem Íslendingar geta flutt skáldskap sinn, betri skáldskap en nokkrir aðrir kunnu að semja. – Á bls. 13, 2.1. að ofan á að vera: skuli ekki vera kynntur á annan hátt en þennan. Á bls. 20, 26.1. að ofan, a að vera: En þó verður sú takmörkun enn þá óhugsanlegri, en ekki hugnan, og skiptir miklu, hvað hugsun snertir, að þetta sé allt saman rétt.

Þorsteinn Jónsson

NÝÁRSHUGLEIÐING

Við Nýalssinnar verðum að vera okkur þess meðvitandi, að við megum ekki bregðast skyldum okkar við það málefni, sem við höfum verið svo gæfusamir að öðlast skilning á og sem við höfum tileinkað okkur.

Við erum að vísu fáir, en þeim mun meira árifðandi er að við gerum það sem í okkar valdi stendur til að vinna að sigri þess.

Við verðum að skilja að undir þessum litla hóp getur það verið komið, hvort guðunum tekst að bjarga mannkyni jarðar okkar frá glötun.

Enginn ætti að veigra sér við, að standa fast við þennan málstað, við hvern sem er að eiga.

Allir Nýalssinnar ættu að gera sitt bezta til að útbreiða stefnu okkar. Það gætum við t. d. gert með því, að hver félags-

maður kaupi og útbýti til kunningja nokkrum eintökum af mál-gönum félagsins: Íslenzkri stefnu og Félagsblaði Nýalssinna. Með því móti gætum við stuðlað að frekari útgáfu þessara mál-gagna.

Við ættum sem flestir að senda ritstjóra félagsblaðsins eða til stjórnarinnar í pósthólf 1159, Reykjavík, eitthvert efni, sem birzt gæti í félagsblaðinu eða í Íslenzkri stefnu. Það gætu verið draumar, greinar, hugleiðingar, aðfinnlur, ábendingar o.fl. Tæplega er nokkur sá, sem ekki gæti látið eitthvað frá sér fara, t.d. drauma, því alla dreymir, og Nýalssinna ekki síður en aðra.

Enginn félagsmaður ætti að láta undir höfuð leggjast, að senda árgjöld sín til félagsins, ótilkvaddur. Með því stuðla þeir að því, að halda lífi í félaginu og helzt að einhver starfsemi geti farið fram á vegum þess.

Eitt af því sem félagið þarf nauðsynlega að gera, er að koma á fót miðilsstarfsemi. Hingað til hefur félaginu ekki tekist að fá færðan miðil. Ef einhver félagsmanna skyldi vita um einhvern slíkan, væri félaginu bökk á að fá ábendingar um slíkt.

Nú er nýtt ár að byrja. Ég hef trú á, að eitthvað geti áunnist fyrir málstað okkar, á þessu ári, ef við öll, sem þessum málum unna, leggjum okkur fram hvert eftir sinni getu.

Ingvar Agnarsson, 1. jan. '64

FRÁSÖGUR OG HUGLEIÐINGAR.

Hvernig og af hverju?

Til er það, að menn neiti því með öllu, að nokkuð það sé til, sem kallað er yfirnáttúrulegt, og tel ég það rétt vera. Allt er náttúrulegt, eins og Þórður læknir Sveinsson skrifði einhvern tíma. En eigi er þó svo, að hin náttúrufræðilega þekking, sem menn enn hafa yfir að ráða, nái að skýra allt. – En neitun þeirra manna, er ég gat um hér að ofan, er róttækari. Peir meina, að ekkert sé til, sem ekki megi skýra út frá þeirri þekkingu og viti, sem þeir nú hafa yfir að ráða. En þetta eru öfgar eins oghin bjánalega draugatrú er á hina hlið. En af hverju er ég að íhuga þetta nú? Af því mér datt í hug viðburður, eða hvað ég á að kalla það, sem gerðist hér á bæ einum fyrir nokkrum árum, líklega þemur til fjórum, og ég veit eins vel um og ég

hefði sjálfur lifað. Þetta var á réttardegi, og var fullbjart. Búll kom heim að bænum. Húsfreyjan sá, er bíllinn kom, og fór til dyra, og var þar kominn maður, Hákon að nafni. Pekkti konan hann og hafði hann alízt upp á næsta bæ, en var nú Reyk-víkingur. Annan mann sá húsfreyja líka, en kennið hann ekki, enda heilsaði hann ekki. Húsfreyja bauð Hákon í bænn, og þáði hann það, en fór þó ekki inn með konunni. En er hann kom inn og hinn maðurinn ekki með honum, spurði konan, hverju það sætti, eða hvort hann væri farinn. Hákon sagði engan mann hafa verið með sér, er hann kom heim, og þæfðu þau víst eitt-hvað um þetta. En maðurinn fannst ekki, en húsfreyja kvaðst hafa séð eftir að hafa spurt Hákon, en fannst þó að hún hefði haft fulla afsökun, þar sem hún var viss um að hafa séð annan mann. – Konan var komin á sextugsaldur, þegar þetta gerðist, og kvaðst aldrei áður hafa reynt nokkuð slíkt, og má nú spryrja: Hvernig og hver verður skýring okkar Nýalssinna á þessu?

Aðra ekki óskylda frásögu hefi ég í huga. Ég átti eitt sinn sem oftar viðtal við mæðgur tvær, og voru dulrænuefni á dagskrá. Segir þá sú eldri, Salvör: Aldrei hefi ég orðið vör við neitt, Mundi, en ég hafði sagt, að flest miðaldra fólk eða eldra mundi einhvern tíma hafa orðið einhvers áskynja í þessu efni. "En mamma," sagði dóttir hennar þá, "hvernig var það, þegar þú sást strákinn?" "Það var satt, það var satt", svaraði Salvör þá og sagði mér eftirfarandi eithvað á þessa leið:

Ég var að huga að kindum, hefi líklega verið um 12 ára aldur, hljóp því að ég var frá á fæti á yngri árum. Er ég kom að barði nokkru barna á heiðinni, varð ég allt í einu mjög magnlaus og uppköst fékk ég mikil. Meðan þetta stóð yfir, sem víst ekki var lengi, sá ég strák í móleitum fötum skammt frá barna á barðinu. Strákurinn hvarf, er ég leit af honum, enda batnaði mér lasleikinn fljótt. – Mig minnir að Salvör hefði ekki sagst hafa kennt hræðslu, og spurði ég hana, hvort hún hefði ekki sagt frá þessu. "Nei, nei", sagði hún. "Það datt mér ekki í hug, ég veit ekki, hvað ég hefði fengið fyrir slíkt bull". – Salvöru þekkti ég frá því ég var barn, og fullyrði, að hún hafi satt frá sagt.

Fyrirbæri þessi, sem ég hér hefi skráð, eru eins og ég sagði að nokkru hliðstæður, og er efalaust margt til af líku, sem fram mundi koma, ef eftir væri grafið. Það eru fleiri en Salvör, sem "aldrei hafa orðið neins varir, " en kunna þó frá einhverju að segja, ef við þeim er ýtt eða af hliðargötum að þeim farið.

SAGAN UM KÖTTINN.

Sjómaður á vesturlandi bjó með dóttur sinni, sem þá var barn að aldri, átta til tíu ára. Misst hafði hann konu sína, og voru börn hans önnur eigi hjá honum. Er stúlkan var ein heima, sem oft bar við, er faðir hennar var á sjó, reyndi hún að styttu sér stundir með því, sem fyrir hendi var. Eitthvert sinn, er hún sem oftar var ein heima í svefnherbergi þeirra, sér hún þar kött, og var nú eigi smátt í efni, því að henni þykir gaman að dýrum. Hyggst hún ná í köttinn, en kisi forðar sér undir rúm eða bekk. Skreið stúlkan þá undir rúmið, en þar var þá engan kött að finna. Leitaði hún nú vandlega í herberginu, en enginn köttur reyndist vera þar, og munu vonbrigði hennar hafa orðið mikil, en ekki mun hún hrædd hafa orðið.

Er faðir stúlkunnar kom heim sagði hún honum þetta, og mun hann hafa spurt um lit kisu. En sagan endurtók sig. Kötturinn kom aftur, er stúlkan var ein heima, ég hygg í tvö skipti, og sagði hún og það föður sínum. Ekki er mér grunlaust um, að telpan hafi ætlað föður sinn vita eitthvað meira, en hann segja vildi, og er raun sú, að börn kunna oft öðrum betur að finna slíkt. Má vera, að faðir hennar hafi þetta fundið, En hvernig sem þetta hefir verið, sagði hann henni svo frá:

Hann hafði verið hjá presti eða prófasti á vesturlandi. Eigi voru þeir um allt samþykkir, presturinn og hann. Presturinn átti kött, sem hann hafði mikið dálæti á. Annað hvort var, að föður stúlkunnar var lítið um köttinn, eða hann hafði hug á að ná sér niðri á prest, gat og verið hvort tveggja. En eitthvert sinn tók hann köttinn í poka og hafði með sér, er hann réri til fiskjar. Kastaði hann kettinum í sjóinn, er hann var kominn nokkuð frá landi. Eigi hafði verið tryggilegar gengið frá fyrir bandi en það, að kötturinn komst út úr pokanum, er hann kom í sjóinn, og upp á hnífil bátsins. Greip maðurinn þá byssu, sem hann hafði jafnan með sér og skaut dýrið. – Saga þessi er sönn eftir því sem ég bezt veit, og að nokkru flugunarverð.

KÝRIN

Sæmundur Eggertsson heitir maður. Hann sagði mér eftir farandi sögu eftir öðrum manni, og þykist ég muna hana rétt. Sögunaður Sæmundar kvaðst hafa komið á bæ nokkurn, mun hafa verið ráðinn þar vetrarmaður. Frost var nokkuð, enda víst ná-lægt veturnóttum. Byrjað var að skyggja, þegar maðurinn kom heim að bænum, og sá kú eina í hlaðvarpanum. Þótti honum það

vist ekki venju samkvæmt að beita kum svona síðla dags, og þá eigi milt veður. Nokkru eftir að hann kom í bæinn, spurði hann um, hvort kum væri beitt enn þá, og var því neitað. Sagði hann þá til að réttlæta spurningu sín, að hann hefði séð kú í hlaðvarpanum, er hann kom. Heimilisfólkíð, sem að vonum hefir ætlað komumann eitthvað glámskyggan, spurði hann um lit kýrinnar, og lýsti hann litnum allglöggt, enda mun kýrin hafa verið tvílit. Var honum þá sagt, að kú með þessum lit, hefði verið slátrað þá um daginn. – Sæmundur sagðist enga-ástæðu hafa til að ætla annað en að maður þessi hefði sagt sér satt frá þessu.

HUGSANA FLUTNINGUR EÐA HUGSKEYTI.

Mér skilst að um þá merkingu, sem felst í ofangreindum orðum, greini menn nokkuð á. Það má og vafalaust telja, að hæfileikar manna til móttöku og sendinga séu misjafnir. Fyrir því, segi ég svo, að ég þykist sannfærður um, að þetta eigi sér stað, og er hér fyrst og fremst eitt atvik, sem ég hefi í huga. Ætla ég að telja megi það til sannana, a. m. k. fyrir sjálfan mig, sem reyndi. Fyrir aðra er það hinsvegar eigi sönnun, og þó að nokkru, ef þeir trúua mér. Á sannindalíkum verðum við að byggja, ef við höfum ekki reynsluna sjálf, og gildir þar svo sem sagt er í þessu gamla vísubroti: "Öllu að trúua er ekki gott, en engu hálfu verra." Reynslu hefi ég fyrir því, að gagnvart miðli gilda hugsanir sem orð, ef skýrt er hugsað, a. m. k. á stundum. Ég finn nú, er ég fer að skrifa um þetta, að ég hefi löngun til að fara að ræða þetta á ýmsa vegu. En ef honum Þorsteini dytti í hug að láta frásögn mína koma í blaðinu, verður að hafa hóf á umbúðunum. En frásögn míni er þessi:

Nefnt hafði verið við mig að lesa eitthvert kvæði á afmælisfagnaði, er kvenfélag tveggja sveita ætlaði að halda, og kom þetta af því, að maður sá, sem þetta ætlaði að gera, gat ekki komið, og vissu konurnar það ekki fyrr en á síðustu stundu. Valdi ég kvæðið Messan á Mosfelli eftir Einar Benediktsson, og var ég láttinn lesa meðan kaffi var drukkið. Ég gat þess í upphafi, að efni kvæðisins mundi vera gömul sögn frá miðoldum. En er ég hafði þetta sagt, fannst mér ég heyra: "Petta er ekki rétt". Mér fannst ég skynja þetta með bakinu eða nákvæmar sagt með mjóhryggnum, en auðvitað heyrði ég ekki neitt, þó að hinsvegar væri það svo skýrt og bezt verður heyrt. Ég hafði á tilfinningunni, að þetta hefði komið frá séra Sigurjóni í Saurbæ, en fannst þó að til greina gæti komið Sigurður frá Stóra-Lambhaga, er sat við hlið Sigurjóns, en báðir sátu þeir við borð það, sem ég stóð við, og voru milli míni og þeirra fjórir eða fimm í sæti. Er staðið var upp frá borðum, heilsaði séra

Sigurjón mér og þakkaði flutning kvæðisins og fann ég að hann ætlaði meira að tala, helzt eitthvað um kvæðið eða varðandi það, en annar maður tók hann þá tali. Seinna ræddum við þó saman þarna, og sagði hann mér þá það sem hann kvaðst hafa ætlað að segja við mig, er hann heilsaði mér, að kvæði Einars hefði átt við Jóhann föður hinnar þekktu konu Ólafíu, og hefði Einar því ekki þurft um langa leið fréttu að spryrja þar. Ég vil sem nánast segja frá þessu, og er því máske of langorður.

Að lokum læt ég hér koma stutta sögu, sem bóndi í næstu sveit sagði mér: Það var kominn háttatími, en bónadanum fannst hann þurfa að fara út og upp í móri án þess hann ætti þangað nokkurt erindi. Svo þrálátlega sótti þetta á hann, að hann fór, og fann þá hest, gæðing, er systir hans átti, ofan í stokkagröf, og var aðeins höfuðið upp úr. Hestinum var bjargað, en von-laust var, að hann hefði lifað þarna til morguns. – Kom bóna þarna skeytti? Og hvaðan þá?

22. II. 1964.

Guðmundur Þorsteinsson

DRAUMUR UM TVO HNETTI

Mig dreymdi að ég var staddur í einhverri ókunnri borg. Myrkur var og skýjaflókar huldu himininn. Allt í einu kom í ljós milli skýja stór hnöttur, nokkru stærri en tunglið, og liturinn ekki ósvipaður, en þó nokkru gulleitari. En annan hnött miklu minni, bar við þessa stóru kringlu. Var hann rauður á lit og mun hafa tekið yfir þriðjung af þvermáli stærri hnattarins. Er ég hafði horft stundarkorn á þessa hnetti, huldust þeir aftur í skýjum.

Ingvar Agnarsson
(í júní, 1956)

**SKRIFAÐ ÓSJÁLFRÁTT
(LATINN FAÐIR RÆÐIR VIÐ SON SINN)**

XI.

Nú er ég glaður. Enn hvað það var gaman að ná sambandi við þig.

Nú ætla ég að segja þér nokkuð skrítið. Láttu hugann hvarfla til hins liðna. Manstu eftir því, þegar ég sagði þér frá því, þegar ég var strákur og klifraði í klettana og þorði svo ekki niður aftur? Já, þú manst það. Nú skal ég segja þér, hvernig fór fyrir mér nýlega. Ég var einmitt að klifra í klettum svipuðum og þeim, sem ég kynntist í bernsku. Þá kom allt í einu yfir mig óstjórnleg löngun til þess að svífa til jarðar og losna þannig við að klöngrast niður. Og án þess að gera mér það ljóst, hvað ég var að gera, hallaði ég mér út af brúninni, og mér til mikillar ánægju leið ég mjúklega til jarðar án þess ég fyndi til nokkurrar hræðslu. Þetta var ólíkt skemmtilegra en þegar ég var að bíða dauðhræddur eftir hjálp til þess að komast niður. – Nú fór ég að athuga, hvort ég gæti ekki komist upp aftur án þess að klifra, en það tókst mér ekki, og varð ég þá fyrir svolitum vonbrigðum. En þá minntist ég þess, að ekki er rétt að neyta þessa kraftar að óþörfu vegna þess, að hann er hér enn af skornum skammti, en fer vaxandi eftir því sem þroski eykst. Ég hef sagt þér frá líku áður, og læt þess vegna útrætt um það að sinni.

Nú langar mig til að segja þér frá ýmsu, sem fyrir mig hefir borið, en ekki er til neins að ætla að segja þér frá öllu, því að það yrði efni í heila bók. Það sem mig langar mest til að segja þér nú, er frá ferðalagi á þessari jörð. Farartækið var geisistórt skip, sem sigldi með meiri hraða en nokkurt jarðneskt skip, enda var knúið orku frá himingeimnum, þ.e.a.s. fjórum sólum. Orkan er svo óstjórnleg, að firnum sætir. Skipið snertir ekki hafflötinn, en geystist áfram á loftpúða, sem þyrlar upp sjónum allt í kring. En útsýni er samt með afbrigðum gott vegna þess, að úðinn hverfur jafnskjótt fyrir heitum loftstraumi, sem streymir út frá skipinu til allra hliða. Nú er ég ekki viss um að þú skiljir þetta nógul vel. Skipið gengur fyrir sólarorku, og hún er svo mikil, að allur úði hverfur á augabragði. Þegar veður er þannig, að ekki sést til sólar, hverfur gnýrinn frá vélum skipsins, og brunar það þá áfram hljóðlaust líkt og fiskur smjúgi. Þá fær það aðsenda orku frá stöðvum, sem njóta sólar, sem nú verkar á skipið sem segull, sem dregur það áfram með ógnarhraða. En nú snertir það hafflötinn lítið eitt, en þó ekki svo mikil, að bárur nái að vagga því, og þekkist því sjóveiki ekki hérrna. Þetta er aðeins stutt lýsing á þessu, en ekki þó með öllu gagnslaus. Líttu nú á. Ekki er ég neitt að gaspra. Ekki er gott að koma þessu í gegn. Líttu á það, sem við köllum rafmagnsljós. Rafmagnsperan er smækkuð mynd af sól. Eins er þessi orka

smækkuð mynd af því, sem í sól gerist. Þegar skipið lyftist, er það fyrir samstillingu nokkurskonar við efni, sem eru í því ástandi í sólinni. En ekki er samt æskilegt, að skipið hagi sér alyeg á sama hátt. Hér eru öll farartæki knún þessari orku. Hér er því ekkert gas eða helryk. Menn geta, ef mikil liggur við, farið hamförum. En þá kemur til orka, sem er annars eðlis, en þó ekki óskyld. Það er lífræn orka miklu betri en hin. Hennar hef ég verið aðnjótandi, eins og ég hef oftar en einu-sinni getið um. Bezt væri að geta alltaf ferðast þannig. En við erum ekki komin lengra hérna.

Góða nótt.

XII:

Elskulegi sonur minn.

Það að geta verið óhræddur við álit fjöldans, er ein af höfuðdyggðum og skilyrði þess að komast áfram á þroskabrautinni. Ég óttaðist þetta dálítið í jarðlífínú, en nú sé ég, það hefir ekki verið til annars en hefta för mína á þroskabrautinni. Vertu óhræddur og láttu engan telja þér trú um það, sem ekki er rétt. Þá mun þér vel vegna. Vertu trúr og dyggur öllum, sem vilja vel og bera traust til þín.

Ég er nú staddur á undursamlega fögrum stað. Það sem veldur mér mestri gleði, er stjarna sem við mér blasir. Hún er mjög fögur, og geislar hennar lýsa upp nágrennið. Þessa stjörnu þekkti ég vel. A henni dvaldi ég síðast, og þaðan á ég margar ljúfar minningar. Það sem mér er minnisstæðast, er hvernig ég fluttist þaðan. Ég sofnaði í mjúki rúmi og í kring um mig voru vinir mínr. Þeir vissu, að ég var að kveðja, en hjá þeim var engan trega að finna, enda vissu þeir, að ég var aðeins að fara til annarrar stjörnu, sem þeir færðu sennilega til síðar. Ég sofnaði undurvært og leið mjög vel og naut áhrifanna frá vinum mínum. Svo vaknaði ég hér einnig í vinahópi, og voru þar nokkrir frá þeirri stjörnu, sem ég kom frá, og voru þeir fegurri miklu en þeir voru áður. Ég fór undir eins á kreik, og mér til mikillar undrunar fann ég, að ég var nú miklu betur á mig kominn en áður. Var ég fagur og stæltur og mér fannst sem mikill kraftur geislaði frá mér og til, og naut ég þess í ríkum mæli. Ég stóð upp á háum hamri og horfði yfir landið, sem var í samræmi við fegurð íbúa þess. Ég er nú í himnaríki, en ekki er það eins og talað er um í bibliunni. Hér er enginn sérstakur guð, sem drotnar og dæmir. Hér eru náttúrulögþáttar alls ráðandi eins og annarstaðar, en betri miklu og samstilltari en viðast hvar. Hér eru fjöll ár og lækir. Vötn eru hér stórar og mikil en ekkert úthaf og er það betra vegna þess, að landrými er þá

meira. Jörð þessi er mjög stór. Hún er ekki minni en Júpiter, og ekki er hún fjarri sól. Að vísu eru þær fleiri en ein, enda nauðsynlegt vegna þess, að jörðin er lengi að snuast um sjálfa sig. Lífskilyrði eru hér mjög góð og betri en nokkurstaðar sem ég hefi verið áður. Hin jákvæðu öfl náttúrunnar eru hér svo til alls ráðandi. Hér eru engin rándýr og ekkert illgresi og menn eru hér allir góðgjarnir. Við lifum hér á loftinu í því eru næringarefni sem líkaminn notfærir sér, og eru þau svo fullkomini, að varla er hægt að segja að losna þurfi við úrgangsefni. Við drekkum þó enn þá vatn og njótum þess að borða gómsæta rétti, þótt það sé ekki nauðsynlegt. Ýmsar jurtir mynda undursamleg aldin, sem eru betri en nokkur slík á jörðinniykkar. Það sem mér fellur bezt hér, er hugsunarháttur fólksins og framkoma. Hér eru svo fagrar konur, að ég get ekki lýst, og hver og einn getur notið návista þeirra án þess að nokkur bönd fylgi önnur en þau, sem kærleikurinn leggur á herðar. Ég nýt þess að horfa á allar þær konur, sem hér eru, og þær njóta einnig þess, að á þær sé horft. Sumar koma til míni og ræða við mig um dásemdir tilverunnar. – Ástalíff okkar hér er laust við afbryðisemi, enda er það ekki bundið við ákveðna einstaklinga, heldur algjörlega frjálst. Við getum ekki eignast hér afkomendur á sama hátt og á jörðinni. Ég veit það ekki enn þá, hvort möguleiki er til þess að eignast afkvæmi í framlífi. Þó hlýtur það að vera, þegar viðsum broska er náð. Kærleikur okkar beinist oft að mörgum í senn og getur orðið mjög sterkur og knýjandi og komið af stað einskonar keðjuverkan, sem veldur miklu meiri sælu en ást karls og konu á frumlífsjörð. –

Ég reyni ekki að segja þér frá þessu ítarlega vegna þess, að ég hef ekki fengið nógu glöggan skilning á því, og vil ekki halda neinu fram, sem ekki reynist svo rétt. –

Vertu ætis blesstaður og allir þínir.

BLÁI HNÖTTURINN

Ég var á ferðalagi í bíl ásamt konu minni austur í Mývatns sveit á síðastliðnu sumri. Það var dásamlegt veður, sólin ljómædi á heiðum himni bláleit hitamóða hvíldi yfir hásléttunni og Mývatnssveit skartaði sínum fegursta skrúði, jafnvel hraunið varð hlýlegt og tillits bjart. Veðrið hlýtt og ylmur í lofti.

Við komum frá Akureyri og fórum norðan við vatn að, Hótel Reynihlíð. Ég lagði vagni mínum að bensíngheimi og fékk afgreitt bensín á bíl minn. Meðan gekk kona míni suður að verzunarútibúi Kaupfélags Þingeyinga við vegamótin austur á land.

Kvaðst líta þar inn sér til gamans. Ég tæki sig þar á eftir. Að dálítilli stund liðinni ók ég bíl mínum að verzlunarhúsinu og gekk inní sölubúðina og að borði þar sem seldir voru minjagripir. Þar voru meðal annarra hluta kortalengjur með íslenzkum landslags-myndum. Ungur, geðfeldur maður var þarna við afgreiðslu, og bað ég hann sýna mér eina myndalengjuna, sem ég til tók, og sagði hann mér verð á henni. Ég ákvað að kaupa kortin og lagði peningaseðil á borðið, en þurfti að fá til baka, og staldraði því við. Um leið hverfur mér allt umhverfið. Ég er kominn út í víðbláan sól-glitrandi geim, þar sem ekkert stöðvar sjónvídd augans nema í nokkrum fjarska sé ég hnött all mikinn og greini möndulsnúning hans. Hnötturinn bar allur sama ljósbláan lit dálítið dekkri en geimrúmið í kringum hann, en ekki greini ég skil láðs og lagar á honum. Meðan ég horfi nú þarna á hnöttinn fyllist ég ljúfri kær-leikskennd. Gjörðu svo vel, sjö krónur og fimmtíu, sagði af-greiðslupilturinn, og lagði peningana á borðið hjá mér.

Mér varð litið í augu hans, þau báru nákvæmlega sama bláa litinn og hnötturinn minn horfni.

Þið trúið þessu sjálfsgagt ekki, en satt er það nú samt.

Gunnar S. Sigurjónsson

VAKI STÓRKVÆÐIS OG EFTIRTEKTARVERT DÆMI

I.

Kvæðið Stórisandur hefir mér verið sagt, að Einar skáld Benediktsson hafi ort út í París og legið þar þá veikur í sjúkrahúsi. Og það, sem komið hefir honum þá til að yrkja kvæði þetta, hygg ég að verið hafi slíkt, sem nú skal greina:

Ég var eitt sinn staddur í stórborg í stóru hringlaga húsi, og snéri herbergisglugginn út að húsgarði, þar sem engin umferð var og engin einstök umferðarhljóð heyrðust. Og er ég stóð þarna við gluggann, fannst mér sem ég heyrði þungan sævar eða vatnanið í nokkrum fjarska. Var það umferðarkliður stórborgarinnar, sem þarna rann saman og líktist þessu. Og þesskonar niður hygg ég að komið hafi Einari til þess að byrja á nefndu kvæði. "Ég minnist, minnist", segir hann í upphafi, og

er það vegna þess, að í vitund hans vaknar þarna atvik löngulíðinna dýrðardaga fyrir líkingu stórborgarkliðsins við árnið norður á Íslandsörævum. Er hann hefir með fáum orðum gert grein fyrir því, sem kliðurinn minnir hann á, kemur það, sem hann man þarna allra bezt:

"Ég lá við skör. Enn man ég móðuniðinn,
þótt mörgu lífsins ár nú séu liðin,
og breytt og syfjuð höfuð lögð í hnakka,
en hestabit og traðk við fljótsins bakka. "

Og eftir það, að þessi minning er vakin í þeim fjarlægðar töfrum, sem dvölin á gagnólkri erlendri grund eykur á og magnar, tekur kvæðið að streyma fram, og þó ekki án þess að horfið sé aftur til upphafsins:

"Ég lifi upp í anda þessar stundir,
en yfir veginn hnígur niðdimm gríma.
Minn hugur flýgur milli tveggja tíma. "

Er þannig auðsætt, að þessir tvennir tímar standast eitthvað á hjá skáldinu, þrátt fyrir hinn mikla mun. Og hvað gat það verið annað en umferðarkliðurinn annarsvegar og fljótsniðurinn hinsvegar, sem stóðst þarna á ?

II.

Einhvern tíma var maður nokkur að tala um það við mig, að líkast væri því stundum, að í manni væri eitthvert tæki, sem mældi tímann, þegar sofið er, því að sumir menn virtust geta vaknað nákvæmlega á þeirri stundu, sem þeir ætluðu sér. Skildist mér, að maður þessi, sem er lærður læknir, liti á þetta sem einhverskonar undirvitundarstarf, og gat ég víst ekki mikil við því sagt, þó að ekki féllist ég þar á. Seinna barst mér þó það, sem mér þykir koma hér sem nokkurnveginn fullgilt svar.

Það var einhvern tíma fyrir nokkrum árum að þeir gisti hjá mér, Guðmundur á Klafastöðum og Sveinbjörn Beinteinsson, og bar margt á góma milli okkar. Sagði Sv. mér meðal annars frá því, að eitthvert sumar, ég held þá hið síðastliðna, hafi hann ævinlega vaknað á sama tíma, og kom það vel heim við það, sem læknirinn hafði talað um við mig nokkru áður, og ég reyndar hafði lítið eitt kynnst sjálfur. En tvisvar sagði Sv. þó að þetta hefði brugðist þannig, að hann svaf þá allmiklu lengur. En þá átti sér stað hið furðulega, að ung stúlká, sem dvaldi þá til heimilis hjá Sv. og von var að sofa lengur frameftir á morgnana en hann, vaknaði báða þessa morgna á vöknunartíma hans, og þótti mér þá sýnt, að stundvísí sofandi manns muni ekki fyrst og fremst eiga sér stað fyrir sjálf starf hans, heldur hljóti þar samband að koma til greina.

Porsteinn Jónsson.

ÓKUNNUR STJÖRNUHIMINN.

(draumur)

Mig dreymdi, að ég stóð úti og var að horfa á himininn. Var hann alsettur stjörnum, misbjörtum og mispéttum og hér og þar voru stærri blettir, flestir aflangir eða sporöskulaga og álika bjartir og stjörnurnar.

Bótti mér þetta vera stjörnuþokur og vöktu þær ekki sérstaka undrun mína, en fannst himininn. Í heild vera mjög fagur. Er ég nú hafði litið um mikinn hluta himinsins og virt hann fremur lauslega fyrir mér, beindist athygli míni að einu sérstöku stjörnumerki og athugaði ég það um stund. Voru stjörnur þess bjartari en nágrannastjörnurnar og mynduðu hring, dálítið aflangan.

En rétt utan við stjörnuhringinn til hægri var einn af þessum ljósu, sporöskjulöguðu blettum, sem ég var búinn að taka eftir áður.

Er ég nú hafði horft á þetta um stund, fann ég á mér, að ég mundi, brátt vakna upp af þessum draumi og að sambandið mundi rofna. Vildi ég njóta þessarar sýnar lengur ef kostur væri og fékk löngun til að festa í minni einhverja aðra stjörnumynd.

Leit ég því í flýti um allstórt svæði himinsins, í þeim tilgangi að koma auga á annað áberandi stjörnumerki. Ekki tókst það, en ég tók eftir stjörnufjöldanum og allmögum hvítum blettum eins og í byrjun draumsins. Og brátt hvarf þessi draumsýn.

Þar sem dreymandi maður hugsar ekki sjálfstætt, get ég, sem draumþegi, ekki hafa haft löngun til að sjá meira af þessum stjörnuhimni annars hnattar. Það hlýtur því að vera draumgjafi minn, sem hefur orðið var við mig, sem draumþega, í sambandi við sig. Mun hann þá hafa viljað stuðla að því, að ég gæti flutt yfir í mína vökuvitund, sem skýrasta og bezta mynd af stjörnuhimni hans og sú hugsun hans komið fram í mínum sofandi heila.

Ingvar Agnarsson

(13. april, 1957)

UMHUGSUNARVERÐ SKILA BOÐ.

Ég var nýlega á skyggnilýsingarfundi hjá Láru Ágústsdóttur miðli, og lýsti hún mörgu og glöggt af sýnu venjulega hispisleysi, En ekki höfðu skyggnilýsingarnar lengi staðið, er miðillinn fél í trans og talaði þá unglingsstúlka af vörum hennar, eða flutti á milli, sem svo mætti kalla, það mun oftast vera sama veran, sem annast þá þjónustu.

Þar kom fram kveðja frá fullorðinni konu, sem var fyrir löngu héðan farin. Bað hún fyrir ástarkveðju til sinna nánustu, sem einn fundargesta tók að sér að koma til skila. Sá hinn sami spurði þá, hvort það væri nokkuð sérstakt, sem hún vildi segja, já var svarað af vörum miðilsins. Hún vill gjarnar segja ykkur margt og merkilegt, en það hefir bara svo ógnar líttinn tilgang að birta ykkur það svona litlum hóp, þar sem það varðar allan heiminn, en þó segir hún: „Rökkurbylgja vonsku og tortryggni á jörðinni er ekki enn liðin hjá. Sérstaklega eru slæmar þessar sprengjur úti í geimnum, þær eitra andrúmsloftið og hafa spillandi áhrif á hugsunarháttinn, en þó eru þessi tungiskot hættulegust, það eru takmörk fyrir því hvað maðurinn má leyfa sér, líka á þessu sviði. Hann má aldrei, og hvergi nota vísindin þannig að hann taki fram fyrir hendurnar á Guði, heldur hjálpa honum að skapa. Þetta fannst mér mjög merkileg tilkynning, og ættu sem flestir að hugleiða hana.

Akureyri 15/1 1964

Gunnar S. Sigurjónsson.

GEIMFERÐIRNAR OG ÍSLENZK HUGSUN.

Það sem mér verður fyrst fyrir, þegar mér eru sögð tíðindi af geimferðum þeim, sem nú eru að byrja að takast, er að spyrja þá, sem frá segja, hvort þeim sé nú fyrst farið að finnast geimurinn umtalsefni og allt það sem utan jarðar er. Hvort þeim hafi áður orðið á vegi nokkuð, sem gæfi tilefni til að líta til stjarnanna með þeirri hugsun og þeirri tilfinningu, að jörðin með öllu því, sem þar er hugsað og aðhafzt, sé aðeins dropi í hafsjó aðeins lítil vík af hinu mesta reginhafi. Það er hreint ekki lítið undir því komið, hvort menn hafa verið þannig undir það búnið að mæta þeim tíðendum, sem nú eru að gerast.

Hvað hefði þá átt að verða til þess hér á meðal vor, á þessu landi, Íslandi, að beina hugum manna til stjárnanna, að mikil-

leika heimsins og himinsins? Sú spurning hlýtur að vakna hvort nokkur rithöfundur eða vísindamaður hafi verið hér á landi, sem um þessi efni hafi haft nokkuð að segja, meðan stjörnurnar voru fjarlægari flestra hugum en þær eru nú að verða. Það vill svo til að nú á þessum fyrsta degi geimferða manna, get ég bent á það, að í frásögn hins fyrsta geimfara er ápreifanleg staðfesting á tilgátu, sem fram kom í bók eftir íslenzkan vísindamann fyrir fjörutíu árum, að nokkru eftir því sem áður hafði ritað sænskur vísindamaður, að nokkru frumhugsað. Það er sagt þarna, að utanfrá muni jörðin vera bláleit á að sjá, "blá-blikandi stjarna", og bókin, sem þetta stendur í heitir Nýall og höfundur hennar dr. Helgi Pjeturss. Og þetta var það sem Rússinn Juri Gagarin sá í morgun, þegar hann horfði á jörðina utan úr geimi. Hann sagði, að á að líta væri hún blá.

Fyrir nokkru las ég það eftir einn hinna merkstu meðal íslenzkra klerka, sem var þannig, að finna mátti að honum var ekki sem bezt við geimferðirnar. Hann fór um það fögrum orðum, eftir því sem mig minnir, hve heillandi stjörnurnar hefðu verið, áður en menn fóru að "hafa þær fyrir skotmörk". Efalaust hefur þessi heiðurs klerkur haft einhverjar ástæður fyrir óyndi sínu af þessum hlutum. Það hafa allir, þeir, sem tala í einlægni. Væri ástæða til að gefa því gaum eða fá það fram, hvað undir slíku býr og vita hvað þar gæti komið til leiðréttigar. Og þegar komið er á réttan rekspöl, er hinnar miklu leiðréttigar ekki langt að leita. Í sömu ritgerðinni og sagt var fyrir um það, sem hér hefur verið nefnt og nú er fram komið sem aðalatriði í frásögn fyrsta geimfarans, að jörðin er blá utan frá að líta – Stjörnujarðfræði (astrogeologi) heitir hún – standa þessi orð:

"Hræðsla prestsins á rót sína í misskilningi. – Vísindin, – þegar vísindi eru til fulls munu ekki steypa honum af stóli, heldur fá honum ræðuefni miklu betra en áður. Sigur vísindanna mun leiða í ljós, að maðurinn á miklu stórkostlegri framtíð í væendum en kennt hefur verið í nokkrum trúarbrögðum".

Vísindi þau, sem þarna var vikið að, eru aðeins að litlu leyti kunn og viðurkennd ennþá, en snerta einmitt það, sem mestu máli skiptir að vita um: lífið eftir dauðann og lífið á öðrum stjörnum. Menn eiga eftir að sjá, að þáttaskilin í sögu mannkynsins, sem nú er talað um að séu að verða, munu hefjast ekki á Rússlandi og ekki á Gyðingalandi, heldur í landi þeirrar fámennu og valdalitlu þjóðar, þar sem uppgötvað hefur verið sambandið milli lífsins á störnunum.

12. – 13. apríl 1961.

Porsteinn Guðjónsson.

EÐLI BÆNARINNAR.

ÁRNI ÓLA, fyrrum ristjóri, flutti útvarpserindi „Um daginn og veginn“ þ. 8. júlí, sem mér hefur verið sagt frá, og minntist hann þar meðal annars á alþjóðlegan bænaday eða bænastund. Veit ég ekki hve mikla athygli erindi hans hefur vakið, en athyglisvert þykir mér það, að hann skyldi að sögn heimildarmanns míns, sem ég treysti vel, taka þarna upp nokkurnvegginn orðrétt skýringar dr. Helga Pjeturss á eðli bænarinna. Bænin er eins og Árni tók þarna fram með orðum dr. Helga, aðferð til að greiða fyrir aðstreymi líf-magns frá lengra komnum og máttugri verum en mennirnir eru á jörðu hér, og hefði verið æskilegt að leiða athyglina einnig að því hvar hinarr æðri verur muni vera, og einnig að nefna höfund kenningarinnar með nafni.

— Það er að yísu algengt, að íslenzkir mennta- og áhrifa-menn láti hjá líða að geta um dr. Helga eða kenningar hans, jafnvel þó að ástæður eða atvik gefi beinlínis tilefni til þess. Virðist þessi tilhneiting á síðari árum einnig hafa komið niður á jarðfræðirannsóknum hans. Þannig sagði mér t.d. í veturn Jón Thor Haraldsson, nú blaðamaður hjá Þjóðviljanum, eftir dr. Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi, að fyrir 2 - 3 árum hefði komið fram við að beita nyjustu rannsóknaraðferðum, örugg staðfesting þess, að jarðfræðikenning Helga Pjeturss væri réttari en Þorvalds Thoroddsens, afabróður Jóns. Ég hafði ekkert um þetta heyrt eða séð, hvorki í blöðum né í Náttúru-fræðingnum, sem ég sé oftast nær. En mér datt í hug, að ef til vill hefðu menn fengið að heyra meira um úrslit aðaldeiluefnis í íslenzkri jarðfærði, ef niðurstaða rannsóknarinnar hefði orðið að aðra leið.

En hvað sem þessu líður, þá er Árni Óla svo kunnur að því að hafa um langt skeið og af miklum drengskap reynt að styðja boðskap Nýals, og að því að hann yrði sem kunnastur að ólíklegt er annað en að mörgum hafi við lestur hans orðið hugsað til hinnar íslenzku kenningar. Og hin yfirvofandi tortímingarhætta, sem flestum skynibornum mönnum er farið að verða ljóst að vera muni meira en orðin tóm, mætti einnig verða til að minna á, að á Íslandi var fyrir löngu farið að tala um þessa hættu, áður en það fór að verða annarsstaðar, svo að mér sé kunnugt. Þegar árið 1919 var slík hætta sett í samband við kjarnorkuna, radioaktivitet, sem þá var nýlega fundin í mjög smáum mæli, og enginn ókunnari en Albert Einstein hafði þá sagt, að aldrei mundi hafa neina verulega þýðingu. En vilji einhver vita hvar hin gagnstæða skoðun kom fram, þá fletti hann upp í 17. kafla fyrstu ritgerða Nýals.

Morgunblaðið. 16. ágúst 1963.

Þorsteinn Guðjónsson.

ÍSLENZKUR MÁLSTAÐUR.

Í blaðinu "FRJÁLS ÞJÓÐ" las ég nýlega grein með fyrir-sögninni "Á fornnum vegi", og var þar réttilega deilt á þá, sem ekki þora að fylgja sannfæringu sinni nema til hálfs eða ekki það. Var þarna tekið dæmi af Nikódemus, sem þorði ekki, nema á laun, að vera fylgjandi trúarleiðtogans, Jesú frá Nazaret, og var þetta meint til þeirra, sem þora ekki í framkvæmd að styðja íslenzkan málstað.

En of mikil hógværð var það að segja, að Íslendingar hafi engan mannkynsfræðara átt, því að raunveruleikinn er hið gagnstæða. Þótt ótrúlegt kunni að virðast, þá hefur Íslendingur borið fram þýðingarmeiri fræði en jafnvel nokkur, sem sagan kann frá að greina. Á ég þar við dr. Helga Pjeturss og þær kennningar, sem hann bar fram í ritum sínum. Og það er svo fjarri því, að einu gildi fyrir aðrar þjóðir, hvað um Íslendinga verður, að án Íslendinga, eða þessarar nýju þekkingar, er Íslendingum ber að fræða aðrar þjóðir um, verður mannkyninu ekki bjargað af þeirri glötunarleið, sem það fer með vaxandi hraða.

Ég veit, að flestum mun þykja þetta of sagt. En gæti menn þess þó að dæma ekki í blindni. Fremur en að dæma ættu menna að kynna sér málavexti og gæta þess að verða ekki lakari en Nikódemus, sem hlýddi, þó að á laun væri, á spámanninn hebreiska og vottaði honum látnum virðingu sína.

Það er drengilegt að rísa gegn hverju því, sem skert getur frelsi og heiður lands og þjóðar, enda má reiða sig á, að minningin verður bjartari um þá, sem þorðu slíkt, en hina, sem ekki þorðu. En þó væri það enn mikilsverðara að styðja það, sem koma mætti í veg fyrir, að nokkur þjóð sæi sér hag í að skerða, frelsi og heiður einhverrar annarar. Það, sem mest er um vert og framar öllu mætti verða til þess að varðveita frelsi og heiður Íslendinga og annarra, væri stuðningur við sannleikann og þá einkum þann, sem mestri birtu varpaði yfir eðli tilverunnar. — Þar sem hið rétta hefði sigrað, væri ekki framar viðleitni til að ganga á nokkurs rétt.

Porsteinn Jónsson
á Úlfss töðum.

Frjáls þjóð 21. júlí 1956.

A þessu ári hefur það gerzt, nálægt byrjun þess, sem ef til vill hefur aldrei áður orðið, að í kveðju- og árnaðarorðum af fjarlægum slóðum, sem sögð voru til að óska öllu mannkyni góðs, var það tekið fram, að Íslendingar ættu þá kveðju sérstaklega. Heyra mátti, í íslenzka ríkisútvarpinu þessi orð, sem borin voru fram af Austurlandamanni af Zarabústratrú, sem hefur á hendi kennimanns- eða goðatign með Persum í þeirri trú. Kom sr. Emil Björnsson kveðju þessari á framfæri með háttvísí og réttsýni, sem telja mætti prýði hverjum boðanda trúarbragða, og sagði hann í erindi sínu nokkuð af sögu þeirra Parsa og kenningu Zarabústra, sem uppi var með Persum fyrir 30000 árum höfund eingyðistrúar, og af áhrifum þaðan hefðu hugmyndir þeirra þjóða, sem síðan hafa kunnastar orðið af slískri trú, mjög mótazt. En guð sá, sem Zarabústra boðaði mönnum nefndist Ahúra Mazda, en eldri orðmynd er Asura eða Ansura, og minnir þetta ekki lítið á orðið Áss, sem þýtt hefur á íslenzku hin æðsta vera og var Asur eða Ansur í eldri norraenu.

Kveðjan frá kennimanni Parsa til vor Íslendinga, er sennilega hin fyrsta, sem berst þaðan, og mætti auk annars þykja merkileg, ef bornar væru saman hliðstæður í sögu Parsa og Íslendinga. Parsar (sem reyndar er að uppruna til ekki annað en önnur mynd orðsins Persar) munu nú vera tæpar 100.000, en hafa verið miklu fleiri og frægri fyrrum. Um aldaraðir ríkti trú þeirra um alla Persíu og víðar, en þegar hin semízka Múhameðstrú ruddi sér þar til rúms (með vopnavaldi eins og hin kristna á Norðurlöndum) urðu þeir sem halda vildu tryggð við hina fornu trú, flestir að hverfa úr landi, og minnir þetta á, hvernig forfeður Íslendinga voru hraktir úr landi í Noregi, af talsmönnum nýs skipulags, sem þá breiddist út um Norðurálfuna. Það er einnig athyglisvert, hvernig semízk trúarbrögð urðu ráðandi um Asíu og Evrópu allt á milli Parsa og Íslendinga, sem einna bezt varðveittu fornan arf, og ennfremur hitt, hve mildi og ofstækisleysi í trúarefnum hefur verið aðalsmark beggja. Eg las fyrir nokkrum árum bók eftir annan Zarabústra-goða af þessari sömu þjóð, Rastamji Dastoór, um trú hans og sögu hennar, og hélt hann því að vísu fram, að sú trú væri hverri annarri betri, en öfund og illgirni í garð annarra trúarbragða virðist hann ekki eiga til. Jafnvel hina sorglegu sögu um dvíndandi fylgi Zarabústra-trúarinnar létt hann ekki vekja sér beizkju og ber það vott um mikla sjálfstjórn. Og ég leyfi mér að halda því fram, að bókin sé snilldarvel skrifuð.

Um aldaraðir og árapúsundir hafa hinir tveir stofnar af hinni fornu rót, Ahúra-menn og Ásmegir, ekki vitað hvorir af öðrum. En er ekki eins og einhver þrá eftir hinni nauðsynlegu

vitneskju hafi stundum gert vart við sig? Maðurinn, sem á svo undraverðan hátt stuðlaði að endurvakningu Íslendinga, Rasmus Kristján Rask, hvert stefndi hugur hans einnig? Til Persíu, Indlands og hann var meðal þeirra, sem með vakandi ví sindum uppgötvaði hið mikla samband hinna arísku eða endó-germónsku þjóða, og þar með nokkuð af skilyrðunum til skilnings á hinni sérstöku þýðingu Íslendinga og einnig Parsa. En í minningu hans vil ég skýra hér frá athugun sem ásamt öðrum bendir á sameiginleikann með hinum fornarísku þjóðum - og vita hvort nokkur treystir sér til að hrekja. Í ljóðum Zarapusta er talað um forfeður hans og fyrirrennara, sem fóru um gresjurnar í norðri á hestvögnum, sem voru þannig lagaðir, að ekillinn stóð í þeim upprétturn og stýrði hestunum. Heiti það, sem þeir höfðu af þessu, var rathestaro og þótti ágætt mjög og heiðursamlegt. En í Ynglingatali Þjóðólfs úr Hvini segir svo um Rögnvald konung heiðumháva:

"Pat veitk bæzt
und bláum himni
kennin afn
svá at konungr egi,
es Rögnvaldr
reiðarstjóri.
heiðumhár
of heitinn es."

Líkingin með orðunum er auðsæ, og merkingin alveg sú sama. En þess verður að gæta, að einmitt þessi líking setur málfræðing í nokkurn vanda, því að "rathe" er líklega dregið af öðru en "reið" og "staro" þýðir víst alls ekki stjóri, heldur sá sem stendur. En líkingin skýrist ef munað er eftir samsvörunarkenningu hinna fornars Parsa (og síðar Swedenborgs) um að allir hlutir eigi sér fyrirmyn dir á æðri tilverustigum. En það myndi þýða, að íslenzka hafi verið töluð á öðrum stjörnum, áður en hún varð til hér á jörð. Og með þeim orðum óska ég kveðjunni frá Zarapusta greiðrar leiðar að íslenzkum hugum.

Porsteinn Guðjónsson.

LÁRA MIÐILL OG SKILNINGURINN Á FRAMLÍFINU.

Í ýmsum dagblöðum, þar á meðal tveimur alllöngum greinum í Tímanum, hefi ég séð getið um hina nýútkomnu bók, Lára miðill, sem séra Sveinn Víkingur kvað hafa samið upp úr æviminningum Láru sjálfrar, og hefi ég ekki séð þessa bók enn. En það þykist ég sjá fram á, að allmikla uppreisn hafi nú Lára hlutið frá því, sem var fyrst eftir að á hana sönnuðust svik, enda hygg ég það aldrei hafa sannazt, að hún hafi enginn miðill verið. Sannleikurinn mun fremur vera sá, að þrátta fyrir allt, séu fullgildar sannanir til um það, að hjá henni hafi ekki allt verið tilbúningur og blekkingar, og skal nú segja frá nokkru, sem mér þykir styðja slíkt.

Það var sumarið 1935 að ég var fyrst staddir á sambandsfundi hjá Láru miðli, og voru þar þá staddir meðal annarra dr. Helgi Pjeturss og Þorsteinn Jósepsson frá Signýjarstöðum, nú blaðamaður. Á fundi þessum komu fram lískamningar, og skal ég ekkert segja um veruleik þeirra. En hins þykir mér ástæða til að geta, að mér virðist sem ég hafi að nokkru ráðið því með einni saman hugsun minni, hvað sungið var þarna, er á fundinn leið. - Fundurinn byrjaði mað því, að prestur, sem staddir var þarna, flutti bæn, og að sungnir voru sálmar, og verð ég að segja það eins og er, að á meðan það bættist við þetta rökkur, sem haft var þarna í stofunni, fannst mér eins og ég væri lokaður niðri í gröf. Óskaði ég þess því mjög eindregið, að sungið yrði eitthvað léttara, og kom þá undir eins fram sú sama ósk frá stjórnanda að handan, og var hún auðvitað tekin til greina. Síðan kom það fram af vörum miðilsins, sem verið mun hafa alveg hið rétta, að auk dr. Helga Pjeturss værum það við Þorsteinn Jósepsson, sem réttastan skilning hefðum þarna á miðilssambandinu, og var framkoma þess merkilegust vegna þess, að miðillinn gat naumast hafa vitað neitt um skoðanir okkar nafna.

Eins og oft áður, þá kom það mjög greinilega fram í nýlega afstaðinni umræðu í útvarpssal, sem ég hefi vikið að í annarri grein, hve ósættanlegt djúp virðist vera staðfest á milli dulhyggjumanna annars vegar og ví sindahyggiumann hins vegar, og er það þó ekki af því, að það djúp þurfi endilega að vera óbrúandi. Til þess að það djúp yrði brúað, þarf ekki annað en að dulhyggjumenn láti af þeim skilningi á lífinu, sem alveg vonlaust er um, að nokkur ósvikinn náttúrufræðingur geti nokkru sinni fallizt á, og svo á hinn veginn, að ví sindahyggiemann láti sér skiljast, að náttúrufræðilegur skilningur á því, sem dulhyggjumenn og fleiri telja óvífengjanlegar staðreyndir, sé einmitt ekki dulfræði-skilningur. Það sem þarf til þess, að þetta mjög óbrúanlega djúp verði brúað, er nákvæmar sagt,

að framlíffstrúarmenn geti fallizt á, að lifað sé eftir dauðann líkamlegu lífi á öðrum hnöttum, og að hinir vísindalega hugsandi menn geti að hinu leytinu látið sér skiljast, að slíkt framlíff þurfi ekki að vera í neinu ósamræmi við hreina náttúrufræði.

Eins og ljóst mætti vera, þá er öll geislan falin í því, að hlutur sá, sem geislanin stafar frá, leitast við að framleiða sjálfan sig eða sitt ástand í öðrum hlutum, og er vafasamt, að nokkru sinni hafi verið bent á slíkt aðalatriði allrar verðandi, sem það er. Og sé nú út frá þessu hugsað, þá ætti það ekki að þurfa að koma fyrir sem nein fjarstæða, að heildaráhrif einhvers lifandi einstaklings geti þegar sérstaklega stendur á, framleitt sig á öðrum stað líkt og þegar áhrif berast frá útværpsstöð til útvarpstækis. Jafnvel þótt engin nauðsyn lægi til neinna ályktana um framlíff, þá væri það út frá þessu vel hugsanlegt, að deyjandi maður hér á jörðu komi á þennan hátt fram á annarri jörð. En þegar þess er gátt, að án þessa skilnings er ekki nema um það tvennt að ræða að ganga þegjandi fram hjá þeim staðreyndum, sem eru fullgildar sannanir fyrir framhaldslíffi, eða þá, að álykta af þeim elthvað algjörlega óeðlilegt, þá hlýtur þetta að verða hið eina hugsanlega. Eða hvernig ætti það að geta staðið, að sambönd takist á milli látinna manna og lifandi an þess samstæðis, að báðir aðilar væru í rauninni á móta jarðlegir á sams konar hátt gerðir af holdi og blóði? – Eins og kunnugt er, þá byggist útvarpssambandið á algjöru samstæði kraftforms og efnis, og er vissulega engin ástæða til að ætla annað en að sama lögmál gildi um sams konar sambönd á milli lifenda. En nauðsynlegt er, þegar rætt er um aðrar jarðir sem framlífsstaði, að hafa þá ekki einungis plánetur þessa sólhverfis í huga.

Það var upphaf þess, sem hér hefur nú verið vikið að, að gera sér ljóst, að draumur eins er ævinlega að undirrót vökulífs annars, og er eitt af því, sem álykta ber út frá þeirri niðurstöðu, að "skyggni" miðils er ekki falin í augnsæi hans, heldur samskynjan við einhverja aðra. Þegar miðill þykist sjá það, sem aðrir viðstaddir sjá alls ekki, þá er það ekki af því, að augu miðilsins séu gædd neinum sérhæfileika langt umfram augu annarra manna, heldur kemur það til af því, að hann fær þátt í sjón einhvers, sem ekki er viðstaddir, og gæti ég bent á margar athuganir þessu til stuðnings, auk þess, sem þetta er í rauninni hið eina skiljanlega. – Lengi mun það hafa verið eða lengst lífsgöngunnar á þessari jörð, að lifendurnir skildu ekki nauðsyn þess, að þeir endilega skuli þurfa að éta og drekka. Þörfin til þessa hafa þeir að vísu alltaf fundið, en lengst af munu þeir ekki hafa gert sér neina ljósa grein fyrir henni. Enn lengur var það þó, að menn gerðu sér ekki neina grein fyrir þörf sinni til að draga andann, því að það var ekki fyrr en fyrir tiltölulega mjög skömmu, að

þeir skildu þá þörf. Og þegar nú talað er um hina þriðju lífs-nauðsynlegu þörf mannsins, þörfina til þess að sofa, þá ríkir þar enn sama skilningsleysið og áður ríkti á þörf næringar og öndunar. Enn í dag vita menn ekki, hvers vegna þeir endilega þurfa að sofa, eða hafa a. m. k. ekki látið sér skiljast það, sem eitt gerir það þó skiljanlegt. En það er, að í svefni magnast maður til lífs fyrir sambönd við lifendur eða lífstöðvar á öðrum hnöttum og fór þetta að liggja í augum uppi, eftir að draumsambandið var fundið. Heimssamband lífsins er það, sem hér blasir við, og ættu allir að geta séð, að það er í hinu bezta samræmi við allt það stóra, sem uppgötvað hefir verið í heimsfræði, að tala um slíkt. Og út frá þessu sjónarmiði er það, sem horfa ber á miðilssambönd og annað slíkt. Þetta, sem á sér stað á miðilsfundum, eða þegar lífmagnslækningar eiga sér stað, er í aðalatriðum hið sama og á sér stað, þegar sofið er vanalegum svefni, og er framhald þess, sem forðum var, þegar efni hófst hér fyrst til þeirrar samskipunar og sambanda, sem lífið er og smám saman hefir síðan þróazt til þess, sem það nú er orðið.

Porsteinn Jónsson
á Úlfssstöðum.

MERKILEG LÍFFRÆÐIA THUGUN.

Í "Þjóðviljanum" 29. apríl s.l. er sagt frá merkilegri líffræðiathugun, sem gerð hefur verið austur í Rússlandi, og var alveg ástæðulaust þarna í blaðinu að vera að gera nokkra athugasemd við það, þó að greinarhöfundurinn, Sveinn Haraldsson, nefndi kenningar dr. Helga Pjeturss í sambandi við þetta. Eins og kunnugt mætti vera, þá hélt dr. Helgi því fram, sem auðvitað er ekki nein 'háspeki', að frá hverjum lifandi stafi kraftur eða geislan, sem ekki sé að öllu leyti háður þeirri takmörkun, sem hinn líflausi kraftur er, og virðist mér, eins og Sveini Haraldssyni, að þessi rússneska athugun styðji heldur þá kenningu. Er í því sambandi mjög athyglisvert það sem sagt er frá þarna í greininni, að bjarmi sá, sem ljósmyndun með hátfönistraumi sýndi að lagði af laufblaði, skyldi einungis koma fram meðan laufblaðið var lifandi, en breytast svo og hverfa með öllu þegar laufblaðið dó. Og minnist maður nú þess að auki, sem ég gat um í grein fyrir ekki mjög löngu og einnig hefur verið sannað austur í Rússlandi, að hugsanaflutningur varð ekki hindraður með efnum, sem talin eru geislaheld, þá má með sanni segja, að fullgild sönnun hafi þegar fengizt um, að möguleikar lífgeislans séu aðrir og meiri en annarrar geislunar.

Fyrir löngu benti dr. Helgi Pjeturss á þá staðreynd, sem margir greindir menn og athugulir hafa síðan tekið eftir, að draumsynir manna eru jafnan ósamkvæmar því, sem beir ætluðu þær vera eða hafa verið og er sannleikurinn sá, að þetta verður ekki skýrt nema á einn veg. Hin eina raunverulega skýring á þessu er sú, eins og sannazt hefur líka stundum beinlínis, að draumur eins sé að undirrót vökulíff annars, og er það mikill misskilningur, sem margir fræðimenn hér virðast vera haldnir af, að varðandi þessa niðurstöðu verði endilega að bíða eftir úrskurði einhverra mikilla og frægra útlendinga. Um þetta ætti hver skynsamur maður að geta gengið úr skugga, beiti hann að eins frjálsri dómgreind sinni. Og eins og ég benti á í grein, sem birtist í "Vísi" þann 27. apríl um furðugafur Swedenborgs, þá verða slíkar furðurgáfur einungis skýrðar út frá þessari niðurstöðu. Það sem bar fyrir Swedenborg, bar fyrir hann vegna sambands við einhvern annan eða aðra, sem sáu eða lifðu fyrirbærið raunverulega. Og þó að þessarar skýringar væri að engu getið í grein, sem þremur dögum síðar birtist í þessu sama blaði um fjarskyggni og fyrirbæri slík, þá kemur hún einnig þar til skýringar fremur en nokkuð annað. Það er auðvitað fyrir samband eða kraftflutning frá einum manni til annars, að hinn sænski héraðshöfðingi fær vitneskju um það, þar sem hann liggar veikur í sjúkrahúsi, að vinur hans, sem staddir var í 400 km. fjarlægð, var myrtur, og er það mjög skiljanlegt, að í veikindum geti menn stundum verið móttækilegir gagnvart fjarhifum. Veikindi geta, eins og eftirgjöf svefnsins, gefið slíkum áhrifum rúm. Og sé nú aðgætt það sem í þessari sömu grein segir af hinni furðurlegu vitneskju Gérards Crolsets miðils, þá kemur það enn eitt til skilnings, að um sambond hafi verið að ræða við einhverja þá, sem betur voru vitandi en jarðarbúar. Það, sem þar getur eitt komið til skilnings og skýringar, er heimssamband lífsins og vitsins. Sá skilningur dr. Helga Pjeturss, að á öðrum hmöttum hljóti einnig að vera lifendur, sumir óendenlega miklu lengra komnir en jarðarbúar og að samband eigi sér stað við þá lifendur, er hvorttveggja það, sem mönnum ætti nú að fara að þykja mjög hugsanlegt og er það sem framar öllu öðru bregður birtu á hin ýmsu fyrirbæri lífsins og getur látið þau hætta að vera dularfull og óskiljanleg.

Porsteinn Jónsson

á Úlfssstöðum.

GUÐ ER SÁL Í KNATTMYNDUÐUM ELDI.

Sízt wildi ég til þess verða að gera próf Jóhanni Hannes-syni rangt til eða veikja málstað hans gagnvart óvægnum and-stæðingum. Hitt wildi ég láta fram koma, að þar sem hann segir, í grein í Velvakanda Morgunbl. 17. júní, að forngrífski spekingurinn Demokritos hafi haldið, að enginn guð væri til, þá er þetta mjög fjarri því sem rétt er. Líti menn á það, sem eftir sjálfum Demokritosi er haft þá verður fyrir þessi setning: „Guð er sál í hnattmynduðum eldi“ þannig talar Demokritos, þótt fáir hafi eftir því tekið, nema helzt frú Helena Blavatsky, auk þess sem athugað hefur verið á Íslandi. Er þetta býsna líkt því sem menn af ýmsum trúarbrögðum hafa lýst reynslu sinni af því, sem þeir kölluðu guðlegt. Þarf til skýringar ekki annað en nefna ægigeislana, sem fornskáldið sagði stafa frá augum Þórs – eða þá orð fornkonungs með Gyðingum um sinn guð : "birtist í geisladýrð", og skyldu menn ekki láta sér til hugar koma, að slíkar lýsingar séu til orðnar af engu. Í hinum óenden-lega geimi stjarnanna megum við vænta þess að kynnast undursamlegum hlutum, og listin er sú eða leiðin til fegra lífs að verða sem næmastur á það sem óvænt er eða nýtt fyrir oss hverjum einstökum. Eða eins og segja mætti, að verða í huga sínum sem bezt viðtakandi þess, sem til hans berst. Til er vísa, þar sem reynt er að koma orðum að þessu, og er hún svona :

Hugur þinn er heimur alls sem reynist.
Huga milli geislan flytur sýnir.
Reyndu að greina Guð í þínum huga :
Guð er sál í hnattmynduðum loga.

Porsteinn Guðjónsson.

Efnisyfirlit:

- 1 Efni blaðsins
Þorsteinn Jónsson
 - 3 Nýárshugleiðing
Ingvar Agnarsson
 - 4 Frásögur og hugleiðingar
Guðmundur Þorsteinsson
 - 8 Draumur um two hnetti
Ingvar Agnarsson
 - 9 Skrifað ósjálfrátt (látinn faðir ræðir við son sinn)
 - 11 Blái hnötturinn
Gunnar S. Sigurjónsson
 - 12 Vaki stórkvæðis og eftirtektarvert dæmi
Þorsteinn Jónsson
 - 14 Ókunnur stjörnuhiminn
Ingvar Agnarsson
 - 15 Umhugsunarverð skilaboð
Gunnar S. Sigurjónsson
 - 15 Geymferðirnar og íslenzk hugsun
Þorsteinn Guðjónsson
 - 17 Eðli bænarinnar
Þorsteinn Guðjónsson
 - 18 Íslenzkur málstaður
Þorsteinn Jónsson
 - 19 Zarapústra – heill
Þorsteinn Guðjónsson
 - 20 Lára miðill og skilningurinn á framlífinu
Þorsteinn Jónsson
 - 23 Merkileg líffræðiathugun
Þorsteinn Jónsson
- Guð er sál í knattmynduðum eldi.
Þorsteinn Guðjónsson